

Jón Ragnar Daðason
Sæmundarreit 8
340 Stykkishólmi

Stykkishólmi 22. nóvember 2024

Efni: Hjallur í Melrakkaey í Sveitarfélaginu Stykkishólmi

Vísað er í bréf Jóns Ragnars Daðasonar dags. 7. október 2024 þar sem óskað er eftir umsögn vegna áforma um endurbyggingu hjalls í Melrakkaey, Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

Um verndarsvæði Breiðafjarðar gildir verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 sem má nálgast á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar [hér](#).

Melrakkaey er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar skv. lögum nr. 54/1995¹ um vernd Breiðafjarðar og gilda um verndarsvæði sérstök lög sem m.a. lúta að framkvæmdum. Breiðafjarðarnefnd bendir sérstaklega á 6. gr. laga um vernd Breiðafjarðar, þar sem vísað er í skipulag og framkvæmdir á verndarsvæðinu.

Í lögum kemur fram að umsækjandi þurfi að leita til sveitarfélagsins vegna skipulagsáætlana. Á svæðum þar sem sveitarfélögin hafa ekki samþykkt skipulagsáætlanir ber umsækjanda að leita umsagnar Umhverfisstofnunar. Sveitarfélögum við Breiðafjörð ber einnig að leita til Breiðafjarðarnefndar við skipulagsgerð innan verndarsvæðisins.

Þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir á því landsvæði sem tilheyrir verndarsvæði Breiðafjarðar er hvers konar mannvirkjagerð óheimil, svo og jarðrask, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Breiðafjarðarnefnd bendir á að nefndin er umsagnaraðili en heimilar ekki framkvæmdir á verndarsvæðinu. Breiðafjarðarnefnd hefur ekki lagst gegn byggingu húsa í eyjum þar sem áður hefur verið byggð, sbr. vinnureglur Breiðafjarðarnefndar².

Breiðafjarðarnefnd bendir á að nærri fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er arnarhreiður. Um vernd arnarins og arnarhreiðra er fjallað sérstaklega í 19. gr. laga nr. 64/1994³.

Aðalskipulag Stykkishólmsbæjar⁴ telur upp stefnu sveitarfélagsins hvað varðar eyjar í „kafla 3.2 – Landnotkun utan þéttbýlis“⁵. Þar kemur fram að stefna sveitarfélagsins samræmist verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014- 2019. Í verndaráætlunin er sett fram að viðhalda verndarsvæðinu þannig að „náttúran fái að þróast eftir eigin lögmálum [og að] viðhalda líffræðilegri fjölbreytni í víðri merkingu hugtaksins, þ.e. fjölbreytni vistkerfa, vistgerða, tegunda, stofna, einstaklinga, erfðaefnis o.s.frv., t.d. með verndun búsvæða og einstakra tegunda“⁶. Breiðafjarðarnefnd bendir á að upplýsingar og

¹ Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>

² Breiðafjarðarnefnd. (2018). *Vinnureglur Breiðafjarðarnefndar um feril mála og sjónarmið við umsagnir um veitingu byggingarleyfa eða leyfa til mannvirkjagerðar á verndarsvæði Breiðafjarðar*. http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2016/11/umsagnir_leyfi_2018.pdf

³ Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1994064.html>

⁴ Stykkishólmsbær. (2002). *Stykkishólmur Aðalskipulag 2022-2022*.

<https://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=28635315930332109936>

⁵ Ibid., bls. 13

⁶ Breiðafjarðarnefnd. (2014). *Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014- 2019*. https://nytt.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2016/11/vernd_2019.pdf, bls. 28.

sérþekkingu hvað varðar haförninn eru hjá Náttúrufræðisstofnun og þyrfti hún þar af leiðandi að fá tillöguna til umsagnar.

Við ákvörðun um leyfi til endurbyggingar hjalls í Melrakkaey telur Breiðafjarðarnefnd að hafa eigi eftirfarandi atriði til hliðsjónar:

- Að engin mannvirkjagerð verði nær arnarhreiðri en 500 m frá 15. mars til 15. ágúst í samræmi við 19. gr villidýralaga nr. 64/1994.
- Að framkvæmdatími við mannvirkjagerð, ef af verður, verði utan varptíma arnarins, til að halda umferð í lágmarki á þeim tíma.
- Að landeiganda verði kynntar reglur um umgengni í námunda við arnarhreiður.
- Að fullt samráð verði haft við Minjastofnun Íslands um staðsetningu þannig að tryggt verði að menningarminjum verði ekki spilt.
- Til að koma í veg fyrir að náttúran verði fyrir óásættanlegu raski vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar telur Breiðafjarðarnefnd að fleiri stofnanir þurfi að fá tillöguna til umsagnar, eins og hefur komið fram.

Breiðafjarðarnefnd telur að endurbygging hjalls í Melrakkaey eigi að vera með þeim hætti að framangreint sé tryggt, að samráð verði haft við þar til bæra aðila vegna arnarvarps verði af framkvæmdum, s.s. vegna framkvæmdatíma, sjá m.a. 19. gr. laga nr. 64/1994.

Breiðafjarðarnefnd hefur ekki sérstakar athugasemdir við endurbyggingu hjalls í Melrakkaey en undirstrikar mikilvægi þess að vera í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og verndaráætlun Breiðafjarðar⁷.

Breiðafjarðarnefnd fékk senda með beiðni um umsögn nákvæma staðsetningu fyrirhugaðrar framkvæmdar og teikningu sem líkist hjalli sem reisa á í Melrakkaey. Breiðafjarðarnefnd telur að fyrirhugaða staðsetningu hjalls þurfi að skoða í ljósi náttúrulegra aðstæðna á svæðinu og í samráði við Minjastofnun Íslands.

Breiðafjarðarnefnd hefur engar athugasemdir við teikninguna, enda stefnt að klassísku útliti mannvirkisins.

Að lokum undirstrikar Breiðafjarðarnefnd málsferli skipulagstillögunnar. Skipulagsferlið byrjar hjá sveitarfélaginu og þarf umsækjandi að leita til Sveitarfélagsins Stykkishólms til að hefja ferlið. Mikilvægt er að málið fari rétta leið svo lögbundnir umsagnaraðilar fái skipulagstillöguna til umsagnar.

⁷ Breiðafjarðarnefnd. (2014). Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014- 2019. http://nytt.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2016/11/vernd_2019.pdf

Virðingarfyllst,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,
formaður Breiðafjarðarnefndar